



SAMÞYKKT UM SKILTI Í REYKJAVÍK

dagsetning samþykktar

Reykjavíkurborg- Umhverfis- og skipulagssvið- Borgartúni 12-14
sími 411-1111- www.reykjavik.is



EFNISYFIRLIT

1. Inngangur 3

- 1.1 Samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 4
- 1.2 Markmið 4
- 1.3 Leiðir að markmiðum 5
- 1.4 Hugtök 6

2. Gildissvið 7

3. Almenn ákvæði 8

- 3.1 Skilti 9
 - 3.1.1 Flokkun skilta 9
 - 3.1.2 Tegundir skilta 10
- 3.2 Lausaskilti og aðrar útstillingar 14
- 3.3 Bráðabirgðaskilti og girðingar framkvæmdasvæða 15
- 3.4 Ljósvis 17
- 3.5 Staðsetning og öryggi 18

4. Ávæði um skilti eftir landnotkun 19

- 4.1 Auglýsingaskilti 20
- 4.2 Upplýsingaskilti 21
- 4.3 Frístandandi skilti 22
- 4.4 Stafræn skilti 23
- 4.5. Hámarksstærðir skilta eftir landnotkun 24

5. Önnur ákvæði 25

- 5.1 Ákvæði til bráðabirgða 25
- 5.2 Heimild til undantekninga 25

6. Umsókn, leyfisveiting og eftirlit 26

- 6.1 Umsóknir 26

6.2 Leyfisveiting 28

6.3 Eftirlit 28

6.4 Þvingunarúrræði 28

6.4 Gildistökuákvæði 28

Hér færð þú upplýsingar um almennar reglur sem gilda um öll skilti í Reykjavík

Hér færð þú upplýsingar um hvernig skal sækja um skilti

Hér færð þú upplýsingar um stærðir og tegund skilta sem leyfð eru á ákveðnum svæðum í Reykjavík

1

INNGANGUR

Skilti eru hluti af útliti borga. Vel útfærð skilti geta aukið á borgarbrag og læsileika borgarinnar. Hönnun skilta skal taka mið að aldri og gerð húsa og því umhverfi sem þau eru sett upp í. Borgarumhverfi er okkar sameiginlega rými og geta skilti haft mikil áhrif á upplifun þess. Því verður að vanda til verka þegar kemur að ákvörðun um fyrirkomulag skilta.

Í þétu borgarumhverfi eru oft margir sem keppast um sýnileika á litlu svæði og þarf að gæta jafnvægis milli sýnileika einstakra aðila og heildarsýnar borgarinnar á hið byggða umhverfi. Skilti þurfa að falla vel inn í heildarmynd þess rýmis sem þau eru hluti af og auka á jákvæða upplifun svæðisins. Skilti mega ekki vera íþyngjandi fyrir íbúa.

Reglum þessum er skipt upp í almenn ákvæði og ákvæði eftir landnotkunarflokkum Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 ásamt korti með ákvæðum um birtustig eftir landnotkunarflokkum. Skilti skulu ávallt vera í samræmi við skipulag sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í deiliskipulagi er mögulegt að þrengja eða veita víðari heimildir en það sem þessar reglur kveða á um.

1.1 Samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Reglurnar eru unnar í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og þeim stefnumiðum sem þar koma fram um gæði byggðarinnar sbr. „Borg fyrir fólk: Gæði byggðar“ en þar kemur fram eftirfarandi markmið: Skilti. Móta skal stefnu um auglýsinga- og upplýsingaskilti í borgarlandinu (bls. 159).

Í stefnumiðinu Gatan sem borgarrými segir um hönnun gatna:

Mikilvægustu götur borgarinnar þarf að skipuleggja og hanna heildstætt út frá hinu margþætta hlutverki göturýmisins, sem:

- » **Umferðaræð fyrir alla ferðamata**
- » **Aðkomu að byggingum og opnum rýmum**
- » **Rými til að hýsa götugögn, lýsingu borgarinnar, merkingar, skilti og veitukerfi**
- » **Bílastæði**
- » **Stað, borgarrými fyrir íbúa og starfsemi í nágrenninu**

Hönnun og skipulag götuumhverfisins byggist á því að samtvinna alla þessi þætti á heildrænan hátt og skipuleggja í samhengi við aðliggjandi byggð (bls. 171).

Með þessum reglum um skilti er ætlunin að framfylgja stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur um gæði byggðar, ásamt því að leiðbeina um hönnun skilta á tilteknum stað.



Mynd tekin úr Aðalskipulagi Reykjavíkur
Mynd 1.1

1.2 Markmið

1.

Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.

2.

Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.

3.

Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfis-umsókna um skilti þegar það á við.

1.3 Leiðir að markmiðum



ÖRYGGI

Til þess að koma í veg fyrir að skilti ógni öryggi vegfarenda eru ákvæði um fjarlægðir skilta frá gatnamótum og vegbrúnum, tíðni skiptinga á myndum, hámarks ljóma skilta og fleira. Einnig eru sett ákvæði um stærð og staðsetningu skilta í borgarumhverfinu.



ÍBÚAR

Í reglunum eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar. Grenndarkynna skal umsóknir um skilti þegar heimild er ekki til staðar í deiliskipulagi.



UMHVERFI OG ÁSÝND BORGARINNAR

Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru sett ákvæði um stærðir og fjölda þeirra í borgarlandi og á lóðum. Jafnframt er kveðið á um að skilti falli vel að umhverfinu.



AFGREIÐSLA

Samþykktin kveður á um hvaða skilti og auglýsingar eru háðar leyfisveitingu og hverjar ekki þannig að mál komi ekki til afgreiðslu embættis byggingarfulltrúa nema þegar við á.



LÖG OG REGLUGERÐIR

- Ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði 2.5 kafla byggingarreglugerðar nr. 112/2012 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsinga samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði 5.3.2.4. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.

1.4 Hugtök

AUGLÝSING

Hvaða orð, stafur, merki, veggspjald, spjald, tjald, tæki/búnaður eða efni sem sett er upp í því skyni að koma upplýsingum á framfæri.

BORGARLAND

Það landsvæði sem er í eigu og til umráða af Reykjavíkurborg, t.d götur, veghelgunarsvæði, gangstéttar/stígar, hjólareinar/stígar, torg, garðar, opin og græn svæði.

GLÝJA

Ljómi frá fleti eða ljósgjafa sem er umfram þann styrkleika sem augað getur aðlagast. Óhófleg birta sem veldur óþægindum

LJÓMI

(cd/m²) ljósstyrkur frá fleti í tiltekna átt.

LJÓSDÍÓÐA

Ljósdíóða (led) er rafeindaíhlutur sem framleiðir ljós í hálfleiðaraefni. Með notkun réttra efnasambanda getur díóðan framleitt sýnilegt ljós af mismunandi bylgjulengdum.

SKILTI

Búnaður, tæki, mynd eða mannvirki, hreyfanlegt eða staðbundið, þar sem notaðir eru litir, form, myndir, lýsing, skrift eða tákn til að miðla auglýsingum eða upplýsingum af einhverju tagi.

STÆRÐ SKILTA

Heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarstærð með festingum.

UGR (unified glare rating system)

Stuðull sem segir til um magn glýju. Skali stuðulsins nær frá 5 og upp í 40, því lægri sem talan er því minni er glýjan.

VEGHELGUNARSVÆÐI

Veghelgunarsvæði er það land meðfram vegum, þar sem skylt er að fá leyfi Vegagerðarinnar fyrir hvers kyns mannvirkjum og er ýmist 60m breitt (30+30) ef um stofnvegi er að ræða, eða 30m breitt (15+15) ef um aðra vegi er að ræða sbr. 32. gr. vegalaga nr. 80/2007 en geta verið stærri við vegamót.

VEGSVÆÐI

Það landsvæði við veg sem er nauðsynlegt til viðhalds og nýtingar vegarins.



Mynd 1.2: Málað skilti á húsvegg

2 GILDISSVIÐ

Samþykkt þessi gildir innan lögsögu Reykjavíkur og gildir hún um skilti í borgarlandi og á einkalóðum.

Samþykktin gildir um hvers konar skilti, auglýsingar, varanleg upplýst vegglistaverk eða annan búnað sem settur er upp í lögsögu Reykjavíkur í því skyni að koma upplýsingum á framfæri, svo og um breytingar á þeim.

Undanþegin ákvæðum samþykktarinnar eru þó:

- » **Auglýsingar innanhúss. Ef hins vegar er um að ræða skilti sem sannarlega veldur grenndaráhrifum á aðliggjandi byggð, s.s. rafrænt auglýsingaskilti, getur byggingarfulltrúi krafist þess að það sé fjarlægð.**
- » **Auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.**
- » **Umferðarmerki.**
- » **Vinnusvæðamerkingar, sjá reglur um vinnusvæðamerkingar, á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is.**
- » **Skilti og auglýsingar á hliðum biðskýla fyrir almenningssamgöngur á vegum borgarinnar ásamt auglýsingastöndum skv. samningi borgarinnar um biðskýli í borginni.**
- » **Frístandandi skilti við strætóstöðvar sem veita upplýsingar um leiðarkerfi almenningssamgangna. Sum þeirra sýna upplýsingar í rauntíma.**

Skilti sem eru undanþegin reglum þessum skulu engu að síður taka mið af ákvæðum reglanna varðandi birtustig, sjá umfjöllun í kafla 3.4.

3 ALMENN ÁKVÆÐI

Almenn ákvæði ná til allra skilta óháð stærð, staðsetningu og tæknibúnaði, innan lóða og á borgarlandi. **Nánari ákvæði um skilti er að finna í kafla 4.**

Sækja skal um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5m² að flatarmáli skv. byggingarreglugerð.



Ef skilti eru upplýst skal ávalt fylgja ákvæðum í kafla 3.4 og hámarksljóma í töflu

1.

3.1 Skilti

3.1.1 Flokkun skilta

Í Reykjavík má finna mikinn fjölda af fjölbreyttum skiltum sem þjóna ólíkum tilgangi. Í öllum tilfellum er tilgangur skilta að miðla upplýsingum til vegfarenda af einhverju tagi hvort sem um er að ræða auglýsingu á vöru, upplýsingar um þjónustu, viðburð o.s.frv.

Auglýsingaskilti eru skilti á vegum fyrirtækja og opinberra stofnana sem gefa upplýsingar um starfsemi og/eða þjónustu viðkomandi fyrirtækis, auglýsa vöru eða þjónustu fyrirtækja eða einstaklinga. Undir auglýsingaskilti falla einnig skilti sem sýna einungis nafn fyrirtækis. Auglýsingaskilti geta meðal annars verið auglýsing á þjónustu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunnar, matseðlar veitingahúsa, auglýsingar á vöru, viðburði o.s.frv. . Útlit og efnisval auglýsingaskilta getur verið mjög fjölbreytt, máluð á vegg, gerð úr textíl, upplýst, óupplýst o.s.frv.

UPPLÝSINGASKILT veita upplýsingar af ýmsu tagi, til að mynda um eignarhald, framkvæmdir innanhúss, viðgerðir og sölu, nýbyggingar og gatnaframkvæmdir. Skilti sem vísa veginn eða segja til um áhugaverða staði og mannvirki falla einnig undir upplýsingaskilti.

BRÁÐABIRGÐASKILT eru til að mynda skilti sem auglýsa ákveðna viðburði, t.a.m. íþróttakappleiki, jólatréssölu, flugeldasölu o.s.frv. Bráðabirgðaskilti skulu tengjast ákveðnum viðburði, tímabundinni starfsemi eða framkvæmdum. Borðar, fánar og annað sem auglýsir viðkomandi atburð falla einnig undir bráðabirgðaskilti. Um stærð þeirra og staðsetningu gilda sömu reglur og um önnur skilti. Sækja þarf um leyfi til byggingafulltrúa ef stærð þeirra fer yfir 4m².

SÉRSTÖK SKILT eru skilti þar sem tilgangur þess er að vera til að bæta brag þess umhverfis sem það er staðsett. Í ákveðnum tilfellum er heimilt að setja upp sérstakt skilti, upplýst eða óupplýst, sem eru yfir hámarksstærð viðkomandi svæðis á byggingar eða aðra auða fleti í borginni í þágu staðarandans og er það metið í hverju tilfelli fyrir sig. Dæmi um slík skilti eru til að mynda vegglistaverk og stafrænir veggir.

ELDRI SKILT eru öll skilti sem sett voru upp og/eða breytt fyrir gildistöku þessarar samþykktar. Byggingarfulltrúi getur krafist þess að eigendur eldri skilta, sem sett hafa verið upp og/eða breytt án leyfis fyrir gildistöku samþykktar þessarar, sækji um leyfi. Verði ekki sótt um byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi gripið til viðeigandi ráðstafana sbr. ákvæði byggingarreglugerðar um þvingunarúrræði.



Mynd 3.1: Dæmi um auglýsingaskilti



Mynd 3.2: Dæmi um sérstakt skilti

3.1.2 Tegundir skilta

Tegundir skilta geta verið mjög fjölbreyttar þrátt fyrir að þjóna sama tilgangi. Auglýsingaskilti getur t.d. verið skilti sem stendur út frá húsvegg, stafaskilti, veggspjald og fleira, upplýst eða óupplýst. Þannig geta skilti tilheyrt fleiri en einni tegund skilta.

Skilti skulu alltaf vera snyrtileg og falla vel að mannvirkjum og staðaranda viðkomandi svæðis, ekki síst stærð þeirra og lögun. Hér á eftir verða talin upp helstu tegundir skilta.

SKILTI FEST Á VEGG geta verið af ýmsum toga, t.d. veggspjöld, stafaskilti eða máluð á vegg en eiga þau það öll sameiginlegt að liggja flatt á vegg mannvirkis. Veggspjöld eru spjöld sem veita upplýsingar um ákveðið fyrirtæki eða stofnun. Þau geta verið matseðlar veitingahúsa, upplýsingar um viðburði eða aðrar auglýsingar. Veggspjöld geta verið úr mismunandi efnum svo sem gleri, áli, plasti o.s.frv. Veggspjöld geta verið upplýst, óupplýst eða stafræn og eru heimildir breytilegar eftir landnotkun svæða, sjá kafla 4. Stafaskilti sýna einungis bókstafi eða tölustafi sem festir eru á ytra byrði mannvirkis. Slík skilti mega almennt vera stærri en önnur auglýsingaskilti en þau skulu vera einföld í hönnun. Ef skilti er málað á vegg og um er að ræða flöt þar sem erfitt er að lagfæra eða mála aftur yfir skal ekki notast við slíka lausn. Það á einkum við á viðkvæmum mannvirkjum eins og gömlum byggingum, grófum veggjum o.s.frv. Skilti á vegg skulu ekki yfirgnæfa mannvirki né önnur nærliggjandi skilti.

SKILTI SEM VARPAÐ ER Á FLÖT EÐA VEGG eru skilti sem sem varpað er á flöt með þar til gerðum búnaði. Ef um er að ræða skilaboð sem eru ekki til bráðabirgða þarf að sækja um byggingarleyfi og skulu þau fylgja reglum um lýsingu í kafla 3.4 og öðrum ákvæðum sem koma fram í kafla 3.



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.3: Dæmi um veggspjald



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.4: Dæmi um stafaskilti

Mynd 3.5: Dæmi um skilti sem málað er á vegg



Myndataka: Örn Erlendsson

SKILTI SEM STANDA ÚT FRÁ MANNVIRKI eru skilti sem fest eru á mannvirki og standa út á götu eða gangstétt. Slík skilti geta verið upplýst eða óupplýst en algengt er að ljósgjafinn sé staðsettur inni í sjálfu skiltinu. Miða skal við að lýsa einungis upp stafi skiltisins en ekki allan flötinn, sér í lagi á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt íbúðarbyggð. Lágmarkshæð undir útstæð skilti skal vera 2,6 metrar yfir göngusvæði en 4,2 metrar yfir akbraut.



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.6: Dæmi um skilti í þrívídd

SKILTI Í GLUGGUM OG SKILTI INNANDYRA SEM ERU SÝNILEG AÐ UTAN eru öll skilti sem standa innandyra en eru sýnileg almenningi þegar gengið er framhjá glugga. Þau geta líka verið límmiðar eða annars konar merkingar sem settar eru beint á gluggarúðu. Þau skuli ekki hylja meir en 50% af glugga til að skapa ekki dauðar hliðar í borgarlandinu. Ekki þarf að sækja um byggingarleyfi fyrir slíkum skiltum en þau skulu þó fylgja þeim reglum sem fram koma í kafla 4.



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.7: Dæmi um skilti sem stendur út frá mannvirki

FRÍSTANDANDI SKILTI OG AUGLÝSINGASTANDAR eru skilti sem ekki eru fest við hús en eru með varanlega tengingu við jörð. Þar sem frístandandi skilti eru ekki heimil má veita undanþágu ef ekki er hægt að setja skilti á hús vegna aldurs eða friðunar og er það metið í hverju tilfelli fyrir sig.



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.8: Dæmi um skilti í glugga

FÁNAR OG BORDAR Fána, sem festast á ytra byrði mannvirkja, skal staðsetja þannig að þeir séu nálægt og í tengslum við inngang byggingar. Bordar eru yfirleitt tímabundnar auglýsingar sem auglýsa til að mynda viðburði eða framkvæmdir. Lágmarkshæð skal vera 2,6 metrar yfir göngusvæði en 4,2 metrar yfir akbraut. Hámarksstærð þeirra skal fara eftir ákvæðum í kafla 4 og töflu 2.

Mynd 3.9: Dæmi um frístandandi sérstakt skilti



Myndataka: Örn Erlendsson

FLETTISKILT er skjár sem settur er saman af mörgum flötum og birtir auglýsingar með sjálfvirkum flettingum. Ef um ný flettiskilti er að ræða skal fylgja sömu reglum og um stafræn skilti.

STAFRÆN SKILT er skjár eða flötur sem settur er saman úr smærri einingum (díóðum) sem gefa frá sér ljóma. Takmörkun er gerð á stafrænum skiltum í borgarlandi. Stafræn skilti skulu vera í samræmi við skipulag og reglur þessar, sbr. kafla 3.4. Í umsókn um stafræn skilti skal meta grenndaráhrif skiltisins með tilliti til núverandi ástands sem og framtíðaráforma svæðisins.

Almennt er leyfilegt er að breyta upplýstum skiltum sem eru stærri en 10 m², s.s. flettiskiltum, í stafræn skilti að því gefnu að þau uppfylli ákvæði þessarar samþykktar. Fyrir þau skal meta grenndaráhrif skiltisins eins og um nýtt skilti sé að ræða. Sækja þarf um byggingaleyfi að nýju. Ef byggingaleyfi fyrir stafrænu skilti er til staðar þarf ekki sérstaka breytingu á deiliskipulagi. Frekari umfjöllun um heimildir fyrir stafræn auglýsingaskilti koma fram í kafla 4.

LAUSASKILT , MARKÍSUR OG ÚTSTILLINGAR FYRIR FRAMAN VERSLANIR Lausaskilti eru hreyfanleg skilti (gormaskilti, dagskilti, vindstandar, klappskilti og A-standar) og aðrir hlutir, s.s. blóm, fatastandar og fleira, sem verslanir setja fyrir framan húsnæði sitt og eru ekki eru með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki. Markísur eru útdraganleg tjöld yfir gluggum/ inngöngum. Markísur eru almennt leyfðar á öllum landnotkunarsvæðum, sjá nánar í kafla 4. Markísur skulu taka mið af útliti, hönnun, formi, lit og efnisvali mannvirkis. Nafn fyrirtækis og/eða þjónustu er heimilað á markísu. Bent er á að auglýsingar á áfengi eru ekki heimilaðar á markísum. Lausaskilti og útstillingar skulu vera í samræmi við ákvæði í kafla 3.2.



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.10: Dæmi um borða



Myndataka: Bergþóra Góa Kvaran

Mynd 3.11: Dæmi um stafrænt auglýsingaskilti

Mynd 3.12: Dæmi um auglýsingastand



Myndataka: Bergþóra Góa Kvaran

RATSKILTÍ eru skilti sem upplýsa um stað eða leið að tiltekinni þjónustu, fyrirtæki eða kennileiti.

Ratskilti eru leyfð á ákveðnum svæðum í samráði við Reykjavíkurborg, sjá kafla 4. Óheimilt er að setja upp ratskilti án samráðs við Reykjavíkurborg.

UPPLÝSINGA OG FRÆÐSLUSKILTÍ Á VEGUM

REYKJAVÍKURBORGAR eru skilti sem upplýsa um þjónustu almenningssamgangna, göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira. Fræðsluskilti eru leyfð á öllum landnotkunarsvæðum.

SKILTÍ SEM AUGLÝSIR SÖLU EIGNAR, VIÐGERÐIR

EÐA BREYTINGAR Á HÚSNÆÐI Skulu ávallt standa innan lóðar. Á svæði M1a er óheimilt að hylja glugga en við framkvæmdir innanhúss er þó heimilt að hylja fyrir glugga með sérstöku límspjaldi eða öðrum sambærilegum veggspjöldum en tekið skal fram á skiltinu hvenær áætlað er að framkvæmdum ljúki.

SKILTÍ SEM UPPLÝSA UM NÝBYGGINGAR OG

AÐRAR FRAMKVÆMDIR skal ávallt setja upp með almennum upplýsingum, teikningum og áætluðum framkvæmdartíma. Hámarksstærð skilta sem fest eru á girðingar má sjá í kafla 4.



Myndataka: Bergþóra Góa Kvaran

Mynd 3.13: Dæmi um skilti sem auglýsir framkvæmdir nýbyggingar



Myndataka: Örn Erlendsson

Mynd 3.14: Dæmi um ratskilti

3.2 Lausaskilti og aðrar útstillingar

- » Staðsetja skal lausaskilti og útstillingar innan lóðar viðkomandi byggingar þar sem því verður við komið. Almennt er heimilt að koma fyrir skiltum og útstillingum án byggingarleyfis **upp við vegg** tilheyrandi byggingar þegar bygging stendur við lóðamörk.
- » Lausaskilti og útstillingar mega ekki valda truflun, vera til óþæginda eða skapa hættu fyrir almenna umferð, hvort heldur sem er fyrir vélknúna umferð, hjólandi eða gangandi vegfarendur. Tryggja skal sérstaklega aðkomu björgunar- og neyðaraðila.
- » Skilti og útstillingar mega **ekki hindra sjónlínur** vegfarenda á gatnamótum.
- » Einungis er heimilt **eitt skilti** fyrir hverja rekstrareiningu.
- » **Hámarksbreidd** skilta með festingum er 0,8m. **Hámarkshæð** skilta með festingum er 1,25m.
- » Skilti og útstillingar mega aldrei vera á göngusvæði, sem skal vera bein leið, að lágmarki 1,8 m breitt. Reykjavíkurborg getur m.t.t. staðháttu og einkenna götu- og/eða göngusvæðis ákvarðað aðra breidd á göngusvæði.
- » Skilti og útstillingar skuli eingöngu vera uppi/úti á opnunartíma viðkomandi starfsemi.
- » Telji Reykjavíkurborg að staðsetning skiltis eða útstillingar valdi truflun, sé til óþæginda eða skapi hættu getur Reykjavíkurborg farið fram á að skiltið/útstillingin verði fjarlægð eða færð. Verði eigandi ekki við kröfu um að færa eða fjarlægja skilti/útstillingu er Reykjavíkurborg heimilt að fjarlægja það á kostnað viðkomandi.



Mynd 3.15: Dæmi um útstillingu fyrir framan verslun

- » Lausaskilti og útstillingar eru heimilar fyrir framan verslanir og atvinnuhúsnæði á öllum landnotkunarsvæðum. Þau skulu vera í samræmi við ákvæði í kafla 3.2.
- » Markísur eru heimilar á jarðhæðum mannvirkja á öllum landnotkunarsvæðum.

3.3 Bráðabirgðaskilti og girðingar framkvæmdasvæða

- » **Bráðabirgðaskilti mega ekki valda truflun, vera til óþæginda eða skapa hættu fyrir almenna umferð**, hvort heldur sem er fyrir vélknúna umferð, hjólandi eða gangandi vegfarendur.
- » Í byggingaleyfi vegna framkvæmda er kveðið á um skyldu framkvæmdaaðila að setja upp upplýsingaskilti um viðkomandi framkvæmd. Ef slíku upplýsingaskilti er ætlað að standa á borgarlandi ber að sækja um afnotaleyfi.
- » **Bráðabirgðaskilti**, allt að 2m² að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur eru undanþegin byggingarleyfi.
- » Ekki er heimilt að staðsetja bráðabirgðaskilti nær götu en 5 metra og nær gatnamótum en 20 metra, nema með leyfi veghaldara.
- » Bráðabirgðaskilti sem auglýsir viðburð skal taka niður í síðasta lagi tveimur dögum eftir viðburð.
- » **Girðingar utan um byggingasvæði** á miðborgarsvæði skulu vera heilklæddar, málaðar og meðhöndlaðar með sérstökum hönnunarlausnum s.s. myndum, grafískri uppsetningu og upplýsingum um viðkomandi framkvæmd. Þeim skal vel við haldið og í takt við umhverfi sitt. Á öðrum svæðum eru netgirðingar (hænsnanet) heimilar.
- » Ef á þarf að halda, t.d. til að tryggja sjónlengdir á gatnamótum, er heimilt að nota netgirðingar að hluta.
- » Tryggja skal viðhald vinnusvæðagirðinga og verði þær fyrir skemmdum eða hnjaski er það á ábyrgð framkvæmdaaðila að hreinsa þær og lagfæra.
- » Á girðingum skulu vera staðsett upplýsingaskilti á hverri hlið þar sem fram koma upplýsingar m.a. um framkvæmdina, verktíma, framkvæmdaaðila og tengiliði.



Mynd 3.16: Dæmi um upplýsingaskilti

3.4 Ljósvist

- » **Hámarksljómi stafrænna skilta** þegar birta er minni en 20 lux, sem er viðmið Reykjavíkurborgar til að kveikja á gatnalýsingu, skal miðast við töflu 1. Er þá miðað við meðalljóma skiltis.
- » **Þegar stafrænt skilti** er sett upp skal forráðamaður skiltis láta framkvæma ljósmælingar til að stilla skiltið rétt með tilliti til umhverfisbirtu svæðisins. Þegar ljósmælingarnar eru framkvæmdar skal hafa í huga hámarksljóma sem kemur fram í töflu 1 og glýju sem skal ekki fara yfir 28 UGR.
- » Ljómi skilta skal ekki fara yfir **7.000 cd/m²** þegar bjart er.
- » Líða þurfa að minnsta kosti **átta sekúndur** á milli mynda/skilaboða á fletti- og stafrænum skiltum og skal ein sekúnda fara í það að skipta á milli auglýsinga.
- » Stafræn skilti skulu vera stillt þannig að **ef búnaður í því bilar** dettur ljómi þess tafarlaust niður í 4% styrk eða minna. Gera skal grein fyrir mælingum og gerð búnaðar fyrir lokaúttekt byggingafulltrúa.
- » Ekki er leyfilegt að vera með á eða í skilti, **blikkandi ljós eða ljósgeisla**, sem beinist í átt að vegfarendum eða að íbúðarhúsnæði. Undanþegnar eru vinnusvæðamerkingar.
- » **Stafræn skilti og upplýst skilti skulu ekki vera staðsett þannig að þau hafi truflandi áhrif á íbúðarbyggð svo sem vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar.**
- » Þegar **ljósmælingar** á skiltum eru framkvæmdar skulu teknar myndir þegar dimmt er með þar til gerðri ljómamyndavél og stilla skiltið á viðeigandi prósentu í samræmi við töflu 1.
- » Öll stafræn skilti skulu vera búin búnaði þar sem **ljóminn lagar sig að umhverfisbirtunni** með þrepaskiptingu, þar sem ljóminn stigmagnast jafnt og þétt yfir daginn, nær hámarki þegar sólin er hæst á lofti og minnkar svo jafnt og þétt þangað til myrkur er skolið á.
- » **Utanáliggjandi ljósgjafar skulu vísa frá** íbúðarhúsum og aðliggjandi götum. Koma skal ljósgjafanum þannig fyrir að ekki sé horft beint í hann frá neinu sjónarhorni. Einnig skal koma þeim þannig fyrir að ekkert óþarfa ljós spillist út í umhverfið.
- » Ef **ópægindi** skapast af lýsingu skiltisins skal eigandi þess fá til sín fagaðila til að framkvæma ljósmælingar. Verði ekki orðið við þessu, getur byggingafulltrúi gripið til þvingunarúrræða skv. byggingarreglugerð.
- » **Hreyfimyndir á stafrænum skiltum eru almennt ekki heimilar. Hreyfimyndir geta verið heimllar tímabundið í sérstökum tilvikum við svæði þar sem ekki er talin stafa hættu af þeim, að höfðu samráði við skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.**

Tafla 1 - Hámarksljómi stafrænna skilta

SVÆÐI	UMHVERFI	UMHVERFISBIRTA	DÆMI
E1	L, St, FS, Hv, Íb, Op	Myrkur	Heiðmörk, Laugardalurinn, Hlíðar
E2	S, VP, At, L, H, Íþ	Miðlungs birtustig	Sandahöfn, Grandi, Borgartún
E3	M	Hátt birtustig	Miðbaer Reykjavíkur, Skeifan, Stofnbrautir

MESTI LEYFILEGI LJÓMI Í cd/m²

STÆRÐ SKILTIS	E1	E2	E3		
<25m ²	50	300	500	Íb	Íbótargjafi
				J	Samfléttugljórnir
				M	Málbing og málvasól
				VP	Vörðun og ljórnir
				At	Attafarsvafi
				I	Ívafarsvafi
				H	Hafar
				Op	Opn svafi
				Íþ	Íþróttarsvafi
				L	Lundbrennarsvafi
				St	Stundarsvafi
				Ís	Ísflötarsvafi
>25m ²	—	200	300		

Birtustig allra skilta skal fylgja landnotkun.

3.5 Staðsetning og öryggi

- » Leggja skal áherslu á að fjöldi skilta hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd borgarlandsins eða takmarki sjónlínur vegfarenda.
- » Auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu skulu almennt staðsett á mannvirkjum.
- » Skilti skal aldrei staðsetja við **gangstíga eða hjólastíga** þannig að þau skerði eða rýri pláss fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur og **valdi þannig hættu** eða hindri umferð vegfarenda.
- » Staðsetning skilta skal metin eftir **grenndaráhrifum**. Til að mynda getur skilti verið staðsett á iðnaðarsvæði en haft áhrif á íbúðarsvæði vegna ljóma, stærðar o.s.frv.
- » Ef um upplýst skilti er að ræða skulu skiltin **ekki yfirgnæfa umferðarljós** á svæðinu eða skyggja á þau á neinn hátt.
- » Óheimilt er að úrfæra skilti þannig að þau líkist **vegvísum og öðrum umferðarmerkjum** á nokkurn hátt, 90 gr. umferðarlaga 77/2019. Einnig er óheimilt að staðsetja þau þannig staðsett að þau hindri sýn vegfarenda t.d. við gangbrautir og innkeyrslur.
- » Skilti mega hvorki **valda töf né hindra sýn á almenn umferðarmerki**.
- » **Skilti við stofn- eða tengibrautir Reykjavíkur** mega ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísu og öðrum umferðarbúnaði en **20 metra og 40 metra frá gatnamótum**. Við þjóðvegi innan borgarinnar þarf að leita umsagnar Vegagerðarinnar.
- » Skilti skuli þannig gerð og þannig frá þeim gengið að **ekki stafi af þeim eldhætta og að aðgengi slökkviliðs sé ekki torveldað**. Eigandi skiltis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna þess.



Mynd 3.17: Mynd af skilti í miðbæ Reykjavíkur

Skiltum skal vera vel við haldið. Ef skilti er farið að láta á sjá, s.s. trosnað, flagnað, brotið, með flöktandi ljósi eða rífið, skal umráðamaður skiltis endurnýja það samstundis eða fjarlægja. Ef ekki er orðið við tilmælum um úrbætur getur byggingarfulltrúi gripið til þvingunarúrræða skv. byggingarreglugerð.

4


ÁKVÆÐI UM SKILTI EFTIR LANDNOTKUN

Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru sett ákvæði um stærðir og fjölda þeirra í borgarlandi og á lóðum. Jafnframt skulu skilti falla vel að umhverfinu.

Frekari upplýsingar um hönnun og útfærslu skilta má sjá í kafla 3.1

Um önnur skilti skal fara eftir heimildum í deiliskipulagi.

Mynd 4.1



Mynd tekin úr Aðalskipulagi Reykjavíkur

4.1 Auglýsingaskilti

4.1.1 Miðborg (M1a, M1b, M1c)

Bæði upplýst og óupplýst auglýsingaskilti eru leyfð á byggingum og mannvirkjum. Þau ættu helst að vera stafaskilti og mega að hámarki vera 4 m² að stærð. Ef skilti eru í formi veggspjalda, er hámarksstærð þeirra 1 m². Þegar nöfn margra fyrirtækja birtast saman á húshlið, skal tryggja að útlit og frágangur sé samræmdur.

Útstæð skilti eru heimiluð en mega ekki vera stærri en 1 m².

4.1.2 Íbúðasvæði og samfélagsþjónusta

Auglýsingaskilti, bæði upplýst og óupplýst, eru leyfð á byggingum og mannvirkjum innan lóða. Hámarksstærð er 4 m² fyrir skilti sem fest eru á vegg. Ef nöfn margra fyrirtækja birtast á húshlið, skal samræma útlit og frágang.

Útstæð skilti eru leyfð en mega ekki vera stærri en 1 m².

4.1.3 Miðsvæði og Verslunar - og þjónustusvæði

Auglýsingaskilti, bæði upplýst og óupplýst, eru leyfð á byggingum og mannvirkjum innan lóða. Hámarksstærð er 8 m² fyrir stafaskilti og 15 m² fyrir önnur skilti. Ef nöfn margra fyrirtækja birtast á húshlið, skal samræma útlit og frágang.

Útstæð skilti eru leyfð en mega ekki vera stærri en 1 m².

4.1.4 Athafna- lóðnaðar og Hafnarsvæði

Auglýsingaskilti, bæði upplýst og óupplýst, sem fest eru á vegg eru leyfð á byggingum eða mannvirkjum innan lóða. Hámarksstærð þeirra er 20 m². Ef nöfn margra fyrirtækja birtast á húshlið, skal samræma útlit og frágang.

4.1.5 Íþróttasvæði

Auglýsingaskilti, bæði upplýst og óupplýst, eru leyfð á byggingum eða mannvirkjum innan lóða íþróttafélaga. Hámarksstærð er 15 m².

Skilti skulu staðsett þannig að þau trufli ekki nærliggjandi íbúðarbyggð eða opin svæði. Sækja þarf um byggingarleyfi, þar sem stærð og fjöldi veggspjalda er metin hverju sinni.

4.1.6 Verndar- friðlýst- og opin svæði

Auglýsingaskilti óheimil.

4.1.7 Landbúnaðarsvæði

Heimilt er, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlaus auglýsingaskilti sem segja til um atvinnurekstur eða þjónustu á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Ekki mega vera fleiri en eitt skilti á hverri lóð og þau skulu ekki vera stærri en 4m².

4.2 Upplýsingaskilti

4.2.1 Miðborg (M1a, M1b, M1c), Íbúðasvæði, Samfélagsþjónusta, Miðsvæði, Verslunar-og þjónustusvæði, athafna- iðnaðar og hafnarsvæði.

Leyfilegt er að setja upp upplýsingaskilti sem auglýsir sölu eignar, viðgerðir eða breytingar á húsnaði. Hámarksstærðir eru nánar útlistaðar í töflu 2.

Ávallt skal setja upp skilti sem upplýsa um nýbyggingar eða aðrar stærri framkvæmdir á lóðum.

Upplýsinga-og fræðsluskilti á vegum Reykjavíkurborgar eru heimil sem og ratskilti.

4.2.2 Íþróttasvæði

Ávallt skal setja upp skilti sem auglýsa framkvæmdir. Upplýsinga-og fræðsluskilti á vegum Reykjavíkurborgar eru heimil sem og ratskilti. Hámarksstærðir eru nánar útlistaðar í töflu 2.

4.2.3 Verndar- og friðlýst svæði, opin svæði og Landbúnaðarsvæði

Ávallt skal setja upp skilti sem upplýsa um nýbyggingar eða aðrar stærri framkvæmdir á lóðum. Hámarksstærð 4 m².

Upplýst og óupplýst upplýsinga- og fræðsluskilti á vegum Reykjavíkurborgar eru leyfð. Slík skilti mega ekki vera stærri en 4 m². Ratskilti sem vísa veginn að kennileitum og áhugaverðum stöðum eru heimiluð, ratskilti skal ávallt setja upp í samráði við Reykjavíkurborg.

4.3 Frístandandi skilti

4.3.1 Miðborg (M1a, M1b, M1c)

Frístandandi skilti, hvort sem um er að ræða auglýsinga- eða upplýsingaskilti eru óheimil innan M1a. Frístandandi skilti eru heimil á landnotkunarsvæðum M1b og M1c innan stærri lóða þar sem verið er að leiðbeina gestum, s.s. að aðalinngangi eða bílastæðum. Hámarksstærð þeirra skal fylgja töflu 2 bls. XX.

4.3.2 Íbúðasvæði, Samfélagsþjónusta, Miðsvæði, Verslunar-og þjónustusvæði, Íþróttasvæði, athafna- iðnaðar og hafnarsvæði.

Frístandandi skilti, hvort sem um er að ræða , auglýsinga- eða upplýsingaskilti eru heimiluð, stærð og fjöldi miðast við ákvæði í kafla 4.5, töflu 2.

4.3.3 Verndar- friðlýst- og opin svæði og landbúnaðarsvæði

Frístandandi skilti eru óheimil.

4.4 Stafræn skilti

4.4.1 Miðborg (M1a, M1b, M1c), Miðsvæði, Verslunar-og þjónustusvæði, íbúasvæði, athafna- iðnaðar og hafnarsvæði.

Allar tegundir stafrænna skilta með/án hreyfimynda skulu vera í samræmi við skipulag. Sótt er um breytingu á deiliskipulagi til skipulagsfulltrúa.

4.4.2 Íþróttasvæði

Stafræn skilti og flettiskilti sem eru hluti af keppnishaldi eru heimiluð, notkun miðast við íþróttaviðburði. Skulu þau vísa inn að velli/leikvangi og slökkt á þeim þegar keppnishald er ekki í gangi.

4.4.3 Verndar- friðlýst- og opin svæði og Landbúnaðarsvæði

Stafræn skilti óheimil.

4.5 Hámarksstærðir skilta eftir landflokum

Tafla 2

Auglýsingaskilti	Miðborg (M1a/b/c)	Skilti fest á vegg $\leq 4\text{m}^2$ Skilti sem standa út frá vegg $\leq 1\text{m}^2$
	ÍB/S/L	Á lóðum verslana, fyrirtækja og stofnana: $\leq 8\text{m}^2$ Skilti sem standa út frá vegg $\leq 1\text{m}^2$
	Miðsvæði (M)	Stærð $\leq 15\text{m}^2$ Skilti sem standa út frá vegg $\leq 1\text{m}^2$
	At/H/I/E	Stærð $\leq 20\text{m}^2$ Skilti sem standa út frá vegg $\leq 1.5\text{m}^2$
	Íp	Stærð $\leq 15\text{m}^2$
	Opin og friðlýst svæði (Op/St/Sn/Fs)	Óheimil
Upplýsingaskilti	Miðborg (M1a/b/c)	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: $\leq 4\text{m}^2$ Framkvæmdasvæði: $\leq 6\text{m}^2$
	ÍB/S/L	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: $\leq 4\text{m}^2$ Framkvæmdasvæði: $\leq 6\text{m}^2$
	Miðsvæði (M)	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: $\leq 8\text{m}^2$ Framkvæmdasvæði: $\leq 6\text{m}^2$
	At/H/I/E	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: $\leq 8\text{m}^2$ Framkvæmdasvæði: $\leq 6\text{m}^2$
	Íp	Framkvæmdasvæði: $\leq 6\text{m}^2$
	Opin og friðlýst svæði (Op/St/Sn/Fs)	Upplýsinga- og fræðsluskilti: $\leq 4\text{m}^2$

Heimilt er að rýmka eða þrengja heimildir og/eða stærðarviðmið í deiliskipulagi.

Bent er á frekari útskýringar og skilyrði í köflum 4.1-4.4 hér á undan.

Skilti skulu ekki hylja framhliðar húsa óhóflega eða hylja sérstök höfundareinkenni.

5

ÖNNUR ÁKVÆÐI

5.1 Ákvæði til bráðabirgða

Gefa skal eigendum eldri skilta sem sett hafa verið upp án heimildar, kost á að sækja um leyfi fyrir þeim innan eins árs frá gildistöku hennar. Verði ekki orðið við því getur byggingarfulltrúi beitt þvingunarúrræðum skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

5.2 Heimild til undantekninga

Byggingarfulltrúi getur vikið frá ákvæðum um staðsetningu, stærð og gerð skilta þegar sérstakar ástæður mæla með því. Leita skal umsagnar skipulagsfulltrúa og samgöngustjóra eftir því sem við á.



6 UMSÓKNIR, LEYFISVEITING OG EFTIRLIT

6.1 Umsóknir


Sótt er um byggingarleyfi í Byggingargátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, www.hms.is. Þar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- » Greinargerð og afstöðumynd þar sem koma fram stærð og umfang skiltis í samhengi við mannvirki á lóð og eftir atvikum aðliggjandi lóða, staðsetning á mannvirki eða lóð. Gert grein fyrir hönnun og útliti.
- » Lýsing á ljósbúnaði skiltis, ef við á. Þar skal koma fram hverskonar ljósgjafi fylgir skiltunum, hvernig ljósgjafinn snýr og í hvaða átt ljósið vísar.
- » Ljómastillingar skiltis, ef við á. Taka skal fram hvort skiltið sé búið búnaði sem stýrir því að ljóminn aðlagist umhverfisbirtunni. Einnig skal tilgreina mögulegan hámarksljóma skiltisins.



DÆMI UM TEIKNINGAR AF SKILTI



Mælikvarði



Mælikvarði



Mælikvarði



Mýnd/mýndir af skilti, í borgarumhverfi og/öðru nætunumhverfi ef um upplýst skilti er að ræða

Skýringarmynd 6.1: Dæmi um teikningar af skilti sem fylgja eiga umsókn

6.2 Leyfisveiting

Byggingarfulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar og gildandi skipulags. Byggingarfulltrúi getur leitað umsagnar fagsviða borgarinnar eftir atvikum, s.s. samgöngudeildar, borgarhönnunar eða skipulagsfulltrúa.

Samhliða útgáfu byggingaleyfis fyrir stór, stafræn skilti skal þinglýsa kvöð þess efnis að ef borgin breytir deiliskipulagi þannig að ekki sé lengur gert ráð fyrir slíku skilti, skal skiltið fjarlægt Reykjavíkurborg að kostnaðarlausu.

Óheimilt er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, fyrr en umsókn um byggingarleyfi hefur verið samþykkt og gefið út af byggingarfulltrúa.

Leita skal umsagnar Vegagerðarinnar vegna umsókna um afnot af veghelgunarsvæði þjóðvega sbr. 30 gr. vegalaga nr. 80/2007.

6.3 Eftirlit

Byggingarfulltrúi annast eftirlit með skiltum og auglýsingum. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar annast eftirlit með lausaskiltum og öðrum útstillingum.

Byggingarfulltrúi getur látið ljómamæla skilti, mæla stærð þeirra og fjarlægðir frá t.a.m. gatnamótum og önnur atriði sem geta haft truflandi áhrif á nánasta umhverfi og vegfarendur.

Ef skiltið veldur á einhvern hátt truflun í nánasta umhverfi þess og uppfyllir ekki þau ákvæði sem fram koma í þessum reglum skal byggingarfulltrúi bregðast við með viðeigandi hætti.

6.4 Þvingunarúrræði

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa innan tilskilins frests, eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum samþykktar þessarar, getur byggingarfulltrúi beitt ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um þvingunarúrræði.

6.5 Gildistökuákvæði

Skiltasamþykkt þessi öðlast gildi við

Samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði xx. xxxxxxxx 2025 og borgarráði xx. xxxxxxxx 2025.

